



Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Skrifstofa borgarstjórnar

Reykjavík, 7. nóvember 2025

MSS25060111

UMSÖGN

Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna um aðgerðir til að efla íbúalýðræði

Skrifstofa borgarstjórnar vísar til erindis þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags. 12. september sl., þar sem óskað var eftir umsögn skrifstofunnar við útfærslu þjónustu- og nýsköpunarsviðs á samþykktum tillögum um aðgerðir til að efla íbúalýðræði.

Forsaga málsins er sú að borgarstjórn samþykkti 25. júní 2025 aðgerðir til að efla íbúalýðræði og samráð við íbúa og vísaði henni til meðferðar stafræns ráðs. Stafrænt ráð vísaði málinu til meðferðar þjónustu- og nýsköpunarsviðs, sem hefur unnið útfærslu verkefnisins.

Skrifstofa borgarstjórnar telur margt mjög jákvætt í útfærslu verkefnisins en telur þó að þar séu ákveðin atriði sem þurfi nánari skoðunar við.

Samráðsfundir og vinnustofur með hagaðilum í hverfunum og lausnamót íbúa.

Útfærslan gerir ráð fyrir að í hverju hverfi verði haldinn íbúafundur með Open Space aðferðinni, þar sem hagaðilar og íbúar koma saman ásamt borgarstjórn og starfsfólki til að ræða áskoranir, tækifæri og aðkallandi verkefni hverfisins. Í textanum kemur jafnframt fram að „niðurstöður íbúapingsins verði teknar saman og lagðar fyrir viðkomandi fagráð eða eftir atvikum verði nýtt fjármagn „Hverfisins míns“ til að stuðla að framkvæmd verkefnanna.“

Slík útfærsla er ekki í samræmi við stjórnsýslulega meðferð mála samkvæmt 46. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar (samþykktin), þar sem fram kemur að borgarráð fari með framkvæmdavald og fjármálastjórn Reykjavíkurborgar. Þjónustu- og nýsköpunarsvið hefur því ekki heimild til að ákveða sjálft nýtingu fjármagns sem tilheyrir öðru sviði - í þessu tilviki fjármagns verkefnisins Hverfið mitt, sem er á ábyrgð umhverfis- og skipulagssviðs - nema með formlegri ákvörðun borgarráðs.

Á grundvelli 46. gr. samþykktarinnar sem og þeim almennu reglum sem gilda um stjórnskipulag borgarinnar þurfa ákvarðanir um ráðstöfun fjármuna og framkvæmd verkefna að fara í gegnum formlegt ferli, það er í gegnum viðkomandi fagráð og borgarráð, áður en þær eru samþykktar eða framkvæmdar.

Einnig er í textanum vísað til þess að „borgarstjórn og starfsfólk“ taki þátt í fundunum. Hér er mikilvægt að skýra hvaða starfsfólk er átt við. Stafrænt ráð eða þjónustu- og nýsköpunarsvið hefur ekki boðvald yfir starfsfólki annarra sviða eða skrifstofa, þ.á.m. starfsfólks skrifstofu borgarstjórnar sem annast borgarstjórnarfundi. Af þessum sökum



Reykjavík



er mikilvægt að skýra nánar hvaða aðilar og starfsfólk eigi að taka þátt í þessum fundum og tryggja að ákvörðun um þátttöku og verkefnaframkvæmd fari fram í samræmi við stjórnskipulag Reykjavíkurborgar.

Borgaraping.

Útfærslan gerir ráð fyrir að árlega verði haldið borgaraping með slembivali á íbúum, sem muni „móta tillögur sem lagðar eru fyrir borgarstjórn eða viðkomandi fagráð“. Þessi nálgun gengur hins vegar gegn gildandi stjórnskipulagi Reykjavíkurborgar. Samkvæmt samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar eru mál sem koma til afgreiðslu borgarstjórnar fyrst undirbúin innan stjórnsýslunnar: þau fara eftir atvikum í gegnum viðkomandi fagráð og borgarráð, áður en þau koma til afgreiðslu í borgarstjórn. Hvorki borgaraping, fagráð eða svið geta lagt tillögur beint fyrir borgarstjórn án aðkomu borgarráðs. Þetta tryggir að mál séu unnin í samræmi við lög, fjárhagslega ábyrgð og reglur um stjórnsýslu borgarinnar.

Að leggja tillögur borgarapings beint fyrir borgarstjórn án þessara milliliða getur skapað stjórnsýslulegt ósamræmi og hættu á að ákvarðanir verði teknar utan gildandi stjórnskipulags borgarinnar. Þetta á sérstaklega við þegar tillögur fela í sér fjárhagslegar afleiðingar eða breytingar á verkefnum sem lúta undir önnur svið, þar sem borgarráð og fagráð bera ábyrgð á fjárhagslegu eftirliti og stjórnsýslulegri meðferð mála.

Skrifstofa borgarstjórnar mælir því gegn því að útfærslan verði samþykkt óbreytt en er reiðubúin, nú sem endranær, að veita alla þá aðstoð sem óskað er eftir vegna ofangreindrar umsagnar.

Virðingarfyllst,

Dís Sigurgeirsdóttir, skrifstofustjóri
Skrifstofa borgarstjórnar
Miðlæg stjórnsýsla



Reykjavík